

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2020

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Nóvember
2020

Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku í dreifbýli 2020

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Nóvember
2020

Ritstjórn:
Benedikt Guðmundsson
Jón Ragnar Guðmundsson

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Vefsíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar
Efni skýrslunnar má nota, en þess er óskað að heimildar sé getið.

OS-2020-04
ISBN 978-9979-68-567-8

Nóvember 2020

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2019	5
2.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2019.....	5
2.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS.....	5
2.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	5
2.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	6
2.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	7
2.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	7
2.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	7
2.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	8
2.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	8
2.5	NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2019	8
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2020	9
3.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2020.....	9
3.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS.....	10
3.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	10
3.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	11
3.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	11
3.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	11
3.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	11
3.2.6	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2020	11
3.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	12
3.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	12
4	FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2021	12
4.1	SUNDURLIÐUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 ÁRIÐ 2021 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI.....	12
4.2	VIÐFANG 111 – NIÐURGREIÐSLUR Á HITUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS.....	13
4.2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR	13
4.2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA HEIMARAFSTÖÐVA	14
4.2.3	STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR	14
4.2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM	15
4.2.5	ORKUSPARNAÐARÁTAK	15
4.3	VIÐFANG 112 – JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU	15
4.4	VIÐFANG 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA	16
5	NIÐURLAG	16

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 OG FÉ TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR ÁRIÐ 2019	5
TAFLA 2: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2019 Í GWST.....	6
TAFLA 3: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA FYRIR ÁRIÐ 2019 Í M.KR.	6
TAFLA 4: STOFNSTYRKIR TIL HITAVEITNA OG EINGREIÐSLUR TIL EINSTAKLINGA ÁRIÐ 2019.....	7
TAFLA 5: HEILDARFJÁRMAGN TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR VIÐFANG 112 Á ÁRINU 2019 Í M.KR.	8
TAFLA 6: UPPHAFS- OG LOKASTAÐA VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2019	8
TAFLA 7: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 112 - JÖFNUN KOSTNAÐAR VIÐ DREIFINGU RAFORKU ÁRIÐ 2019	9
TAFLA 8: NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 113 – NOTENDUR UTAN SAMVEITNA ÁRIÐ 2019	9
TAFLA 9: NIÐURSTAÐA FJÁRLAGALIÐAR 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2019.....	9
TAFLA 10: SKIPTING FJÁRLAGALIÐAR 04-583 OG FÉ TIL RÁÐSTÖFUNAR FYRIR ÁRIÐ 2020	10
TAFLA 11: UPPHAFSSTAÐA OG ÁÆTLUÐ NIÐURSTAÐA VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2020.....	10
TAFLA 12: ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR STOFNSTYRKJA TIL HITAVEITNA ÁRIÐ 2020	11
TAFLA 13: RÁÐSTÖFUNARFÉ VIÐFANGS 112 FYRIR ÁRIÐ 2020, STAÐAN 1. SEPTEMBER OG ÁÆTLUÐ LOKASTAÐA	12
TAFLA 14: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALIÐAR 04-583 Á ÁRINU 2021 SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPI	13
TAFLA 15: FRUMDRÖG AÐ SKIPTINGU VIÐFANGS 111 AF FJÁRLAGALIÐ 04-583 FYRIR ÁRIÐ 2021	13
TAFLA 16: ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR OG ÞÖRF Á STOFNSTYRKJUM TIL HITAVEITNA FRAM TIL ÁRSINS 2025	14

MYNDAYFIRLIT

MYND 1: NIÐURGREIÐSLUR TIL HÚSHITUNAR FRÁ 1983-2019 Á VERÐLAGI HVERS ÁRS OG M.V. MEÐALVÍSITÖLU NEYSLUVERÐS ÁRSINS 2019.....	6
--	---

1 Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78/2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár.

Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku eru hluti af fjárlagalið 04-583. Hann samanstendur af þremur mismunandi viðföngum:

- I. *Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis* er stærsta viðfang fjárlagaliðarins en ásamt því að niðurgreiða húshitun er því t.a.m. ætlað að standa straum af kostnaði við orkusparandi aðgerðir og umsjón með niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar.
- II. *Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku* er til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifibýli, til jafns við dýrasta þéttbýlisverð. Það er innheimt með jöfnunargjaldi á alla raforku sem fer um dreifikerfið, að undanskilinni stóriðju.
- III. *Notendur utan samveitna* er viðfang sem snýr að raforkuframléiðslu í Grímsey og Flatey þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað umfram tekjur af sölu rafmagns á þessum stöðum.

Hér á eftir verður sundurliðuð greining á hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Einnig er að finna upplýsingar um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadælna og jarðhitaleitar á köldum svæðum. Skýrslan er gerð í október 2020, áður en fjárlög ársins 2021 hafa verið samþykkt af Alþingi. Áætlun ársins 2021 er því byggð á fjárlagafrumvarpi ársins 2021 og verður endurskoðuð þegar það hefur verið samþykkt á Alþingi.

2 Niðurgreiðslur ársins 2019

2.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2019

Á fjárlögum ársins 2019 voru 3.388,0 m.kr. til ráðstöfunar fyrir fjárlagalið 04-583 Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku. Tafla 1 sýnir skiptingu fjárlagaliðarins niður á viðföng og það fé sem var til ráðstöfunar á árinu eftir að árið 2018 hafði verið gert upp.

Tafla 1: Skipting fjárlagaliðar 04-583 og fé til ráðstöfunar fyrir árið 2019

Viðfang (m.kr.)	Fjárlög 2019	Niðurstaða 2018	Niðurfellt frá 2018	Ráðstöfun 2019
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.349,2	-65,3	65,3	2.349,2
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	983,3	29,1		1.012,4
113 - Notendur utan samveitna	55,5	7,1	-4,3	58,3
Samtals	3.388,0	-29,1	61,0	3.419,9

2.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

2.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Heildarmagn niðurgreiddrar orku til húshitunar með raforku og fjarvarma var 316,5 GWst árið 2019. Það þýðir að magn niðurgreiddrar orku á árinu 2019 var 8,4 GWst (2,6%) minna en árið 2018 en það ár jókst notkunin um 34 GWst. Þessa miklu aukningu árið 2018 mátti að mestu rekja til verra árferðis á árinu 2017. Algengast er að það sé lesið af mælum einu sinni á ári og því áætlað að notkun taki um eitt til tvö ár að jafna sig út í tilfellum sem þessum. Því mátti vænta þess

að notkunin yrði eitthvað minni árið 2019. Hitastig ræður mestu um notkun og er stundum nefnt að fyrir hverja gráðu sem hitastig breytist þá aukist eða minnki árleg notkun um 5%. Þá veða einnig á móti þær hitaveitu- og varmadæluvæðingar sem áttu sér stað á árinu.


Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2019 í GWst.

Niðurgreiðslur (GWst)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	164,58	33,79	5,11	11,08	1,08	215,64
Fjarvarmi	16,94	42,76	41,18	-	-	100,87
Samtals	181,53	76,54	46,28	11,08	1,08	316,51

Tafla 3: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna fyrir árið 2019 í m.kr.

Niðurgreiðslur (m.kr.)	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HS Veitur	Rafveita Reyðarfjarðar	Veitur	Samtals
Bein rafhitun	1.194,4	233,0	29,1	56,7	6,0	1.519,2
Fjarvarmi	73,7	191,1	129,4	-	-	394,2
Samtals	1.268,0	424,1	158,4	56,7	6,0	1.913,3

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Í heildina hefur verið varið úr ríkissjóði rúmlega 51 milljarði króna, á verðlagi ársins 2019, til lækkunar á húshitunarkostnaði íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983-2019 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs ársins 2019

2.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Á árinu 2019 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 7,6 m.kr. eða 0,6 m.kr. meiri en árið á undan. Það hefur borið meira á því að íbúar í Grímsey séu búsettir á meginlandinu stærstan hluta ársins án þess að færa lögheimilið úr eyjunni. Þessi aukna fjarvera ætti að leiða til minni hitunarkostnaðar en virðist ekki skila sér þegar litið er til innsendra reikninga um olíunotkun frá notendum. Þótt ekki sé um háar upphæðir að ræða í stóra samhenginu er nauðsynlegt að kanna hvort ekki sé hægt að samræma betur niðurgreiðslur húshitunar og raforkuframleiðslu á svæðum utan samveitna.

Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 3,7 m.kr. eða 0,3 m.kr. meiri en árið á undan. Vonir stóðu til að hægt væri að lækka upphæð niðurgreiðslna vegna heimarafstöðva á árinu en sökum skorts á fjármunum var ekki mögulegt að greiða eingreiðslu til ákveðinna verkefna þar sem ætlað var að uppfæra, lagfæra og standsetja nýjar heimarafstöðvar. Það hefði þýtt að nokkrir aðilar hefðu farið af niðurgreiðslum til frambúðar.

2.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Á árinu 2019 voru 308,0 m.kr. til ráðstöfunar til stofnstyrkja auk rúmlega 4,4 m.kr. sem urðu afgangi frá árinu á undan. Samtals 312,4 m.kr. Þessi sérstaka fjárveiting tók mið af fyrirfram ákveðinni framkvæmdaráætlun sem gerð var árið 2017. Miðað við þá áætlun, tilfærslur og breytingar sem orðið höfðu á framkvæmdum var áætlað að 308 m.kr. yrðu greiddar út í formi stofnstyrkja á árinu 2019. Um miðjan nóvember var búið að greiða tæplega 268 m.kr. og fyrirséð að ekki yrði unnt að greiða eins mikið og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Tafla 4 sýnir nánari útlistun á stofnstyrkjum til hitaveitna á árinu 2019.

Á árinu 2019 voru greiddar tæplega 17,5 m.kr. vegna eingreiðslna til einstaklinga en aldrei áður hefur eins lítið verið greitt til þessa málaflokks. Skortur hefur verið á fjármagni til eingreiðslna vegna orkusparandi aðgerða og/eða bættrar orkunýtingar undanfarið en rúmlega 50 umsóknir biðu afgreiðslu í árslok 2019. Upphæð eingreiðslna vegna þeirra var áætluð 80 m.kr.

Frekari útlistun á stofnstyrkjum til hitaveitna og eingreiðslum til einstaklinga kemur fram í neðangreindri töflu.

Tafla 4: Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga árið 2019

Styrkþegi	Upphæð
Hitaveita Húnaþings vestra	168.060.516 kr.
Kjósarveitur	67.224.528 kr.
Skagafjarðarveitur	32.519.382 kr.
Samtals - Stofnstyrkir	267.804.426 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	17.459.470 kr.
Samtals - Stofnstyrkir og eingreiðslur	285.263.896 kr.

2.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, tók ákvörðun um að veita ekki fjármunum til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2019.

2.2.5 Orkusparnaðaráttak

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðaráttaks. Fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanförunum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem varið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða í samráði við Byggðastofnun með góðum árangri. Hefur það leitt til betri lífskjara, bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum. Á árinu 2019 var 1,22% eða 28,6 m.kr. af endanlegri fjárheimild ársins til viðfangs 111 varið í málaflokkinn.

2.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum ársins 2019 voru 983,3 m.kr. til ráðstöfunar til jöfnunar á kostnaði við dreifingu raforku í dreifibýli. Við það bættust 29,1 m.kr. afgangur frá árinu á undan. Ráðstöfunarfé viðfangsins var því 1.012,4 m.kr. en alls var ráðstafað 999,6 m.kr. Lokastaða viðfangsins var því 12,8 m.kr. afgangur. Nánari sundurliðun á niðurstöðu viðfangsins kemur fram í kafla 2.5.

Tafla 5: Heildarfjármagn til ráðstöfunar fyrir viðfang 112 á árinu 2019 í m.kr.

Dreifiveita	Upphæð
Orkubú Vestfjarða ohf.	89.144.274 kr.
RARIK ohf.	910.442.626 kr.
Samtals	999.586.900 kr.

2.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Á fjárlögum voru 55,5 m.kr. ætlaðar til þessa viðfangs en skv. upplýsingum frá atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytinu (ANR) þá bættust við það tæplega 2,8 m.kr. afgangur frá árinu á undan. Þá var ráðstafað rúmlega 72 m.kr. til viðfangsins á árinu 2019 og því lokastaða ársins neikvæð upp á rúmlega 13,7 m.kr.

2.5 Niðurstaða ársins 2019

Í upphafi ársins 2019 lá ekki fyrir hvernig yrði farið með niðurstöðu fjárlagaliðarins fyrir árið 2018 og var því gengið út frá því að niðurstaða ársins fylgdi viðfangsefnum á árinu 2019. Á endanum var niðurstaðan sú að fella alfarið út halla ársins 2018, hluta af afgangi viðfangs 113 en færa allan annan afgang yfir á árið 2019 eins og tafla 1 sýnir.

Tafla 6 sýnir upphaflega áætlun viðfangs 111 fyrir árið 2019 og stöðuna í árslok m.v. framangreindar tilfærslur. Niðurstaðan var sú að það varð tæplega 93 m.kr. afgangur á árinu 2019 sem færðist yfir á árið 2020. Af þeirri upphæð voru 44,6 m.kr. sem eingöngu mátti nota í stofnstyrki til hitaveitna. Hinn hluti afgangins átti að nýtast til að leysa úr uppsöfnuðum vanda vegna eingreiðslna til einstaklinga.

Tafla 6: Upphaf- og lokastaða viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2019

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 111	Áætlun ársins	Staðan í lok árs
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2019</i>	2.349.200.000 kr.	2.349.200.000 kr.
<i>Niðurstaða fyrra árs</i>	-65.276.994 kr.	-65.276.994 kr.
<i>Niðurfellt frá fyrra ári</i>	0 kr.	65.276.994 kr.
<i>Stofnstyrkir til hitaveitna – afgangur til ráðstöfunar 2019</i>	4.408.914 kr.	4.408.914 kr.
Staða í upphafi árs 2019	2.288.331.920 kr.	2.353.608.914 kr.
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.892.676.311 kr.	1.914.078.462 kr.
Olíuhitun, niðurgreiðslur	7.698.972 kr.	7.575.304 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.608.711 kr.	3.662.580 kr.
Orkusparnaður – 1,25% af fjárheimild	28.608.819 kr.	28.608.819 kr.
Umsjón, Orkustofnun	21.800.000 kr.	21.800.000 kr.
Jarðhitaleit	0 kr.	0 kr.
Stofnstyrkir til hitaveitna	312.408.914 kr.	267.804.426 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga	21.530.192 kr.	17.459.470 kr.
Samtals - Ráðstafað	2.288.331.920 kr.	2.260.989.061 kr.
Niðurstaða ársins 2019	0 kr.	92.619.853 kr.

Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna voru 1.913,3 m.kr. en m.t.t. annarra leiðréttinga námu þær í heildina 1.914,1 m.kr. eða 1,1% umfram áætlun Orkustofnunar frá upphafi ársins.

Tafla 7: Niðurstaða viðfangs 112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku árið 2019

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 112	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2019</i>	983.300.000 kr.
<i>Niðurstaða fyrra árs</i>	29.097.159 kr.
<i>Niðurfellt frá fyrra ári</i>	0 kr.
Staða í upphafi árs 2019	1.012.397.159 kr.
Samtals - Ráðstafað	999.586.900 kr.
Niðurstaða ársins 2019	12.810.259 kr.

Tafla 8: Niðurstaða viðfangs 113 – Notendur utan samveitna árið 2019

Fjárlagaliður 04-583, viðfang 113	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2019</i>	55.500.000 kr.
<i>Niðurstaða fyrra árs</i>	7.069.071 kr.
<i>Niðurfellt frá fyrra ári</i>	-4.289.071 kr.
Staða í upphafi árs 2019	58.280.000 kr.
Samtals - Ráðstafað	72.014.089 kr.
Niðurstaða ársins 2019	-13.734.089 kr.

Niðurstaða fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2019 lítur þá út samkvæmt töflu 9.

Tafla 9: Niðurstaða fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2019

	Viðfang 111	Viðfang 112	Viðfang 113	Samtals
Höfuðstóll 1.1.2019	4.408.914 kr.	29.097.159 kr.	2.780.000 kr.	36.286.073 kr.
Fjárlög 2019	2.349.200.000 kr.	983.300.000 kr.	55.500.000 kr.	3.388.000.000 kr.
Ráðstafað 2019	-2.260.989.061 kr.	-999.586.900 kr.	-72.014.089 kr.	-3.332.590.050 kr.
Niðurstaða 2019	92.619.853 kr.	12.810.259 kr.	-13.734.089 kr.	91.696.023 kr.

3 Endurskoðuð áætlun ársins 2020

3.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2020

Fjárlagaliður 04-583 samanstendur af þremur mismunandi viðföngum. Þegar búið er að taka tillit til uppgjors vegna stöðu fjárlagaliðarins í árslok 2019 lítur upphafsstaða hans út eins og fram kemur í töflu 10.

Tafla 10: Skipting fjárlagaliðar 04-583 og fé til ráðstöfunar fyrir árið 2020

Viðfang	Fjárlög 2020	Flutt frá 2019	Ráðstöfun 2020
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.203.900.000 kr.	-44.604.488 kr.	2.159.295.512 kr.
111 - Stofnstyrkir til hitaveitna	308.000.000 kr.	44.604.488 kr.	352.604.488 kr.
111 - Samtals	2.511.900.000 kr.	0 kr.	2.511.900.000 kr.
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku	1.018.200.000 kr.	0 kr.	1.018.200.000 kr.
113 - Notendur utan samveitna	55.500.000 kr.	0 kr.	55.500.000 kr.
Samtals	3.585.600.000 kr.	0 kr.	3.585.600.000 kr.

Ástæða þess að viðfangi 111 er skipt upp er sú að á árinu 2017 var samþykkt í ríkisstjórn að á næstu þremur árum færu árlega 308 m.kr. í stofnstyrki til hitaveitna. Þar sem framlagið er bundið við stofnstyrki til hitaveitna þarf að halda sérstaklega utan um eftirstöðvar þess á milli ára. Það er skilningur Orkustofnunar að nota eigi allt þetta fé eingöngu í stofnstyrki. Ef eitt verkefni dettur út þá færast fjármunirnir á næsta stofnstyrkjaverkefni.

Engar millifærslur voru á fjármunum á milli árana 2019 og 2020. Við ráðstöfun fjármagns á árinu 2020 þarf að taka tillit til afgangs af sérstökum stofnstyrkjum frá árinu 2019 sem var samþykkt sérstaklega af ríkisstjórn. Fjármagn til ráðstöfunar fyrir annað en stofnstyrki lækkar sem því nemur.

3.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

3.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Þegar skýrslan er gerð liggur fyrir uppgjör fyrstu átta mánuði ársins 2020. Flest atriði eru í góðu samræmi við áætlun ársins eins og fram kemur í töflu 11, nema stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga. Engir stofnstyrkir hafa verið greiddir það sem af er ári en nánar verður gert grein fyrir stöðu þeirra og eingreiðslna til einstaklinga í kafla 3.2.3. Notkun í dreifbýli það sem af er ári hefur verið nokkuð undir áætlunum og sökum þessa var unnt að hækka dreifbýlisframlagið frá og með 1. ágúst. Nánar er farið í það í kafla 3.3. Þetta leiðir af sér að upphæð til beinna niðurgreiðslna á árinu verði u.þ.b. tíu m.kr. minni en upphaflega var áætlað.

Tafla 11: Upphafsstæða og áætlun niðurstaða viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2020

Fjárlagaliður 04-583 / viðfang 111	Áætlun ársins	Staðan 1.9.2020	Áætlun staða í lok árs
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	<i>2.511.900.000 kr.</i>	<i>2.511.900.000 kr.</i>	<i>2.511.900.000 kr.</i>
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020 án stofnstyrkja</i>	<i>2.159.295.512 kr.</i>	<i>2.159.295.512 kr.</i>	<i>2.159.295.512 kr.</i>
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	2.001.733.410 kr.	1.325.010.773 kr.	1.990.461.816 kr.
Olíuhitun, niðurgreiðslur	7.674.419 kr.	3.266.090 kr.	7.125.720 kr.
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3.528.711 kr.	1.611.436 kr.	3.528.711 kr.
Orkusparnaður – 1,99% af fjárheimild	50.000.000 kr.	50.000.000 kr.	50.000.000 kr.
Umsjón, Orkustofnun	24.345.000 kr.	12.172.500 kr.	24.345.000 kr.
Jarðhitaleit	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga og önnur verkefni	72.013.972 kr.	37.301.753 kr.	83.834.265 kr.
Stofnstyrkir hitaveitur	308.000.000 kr.	0 kr.	308.000.000 kr.
Stofnstyrkir hitaveitur - afgangur 2019	44.604.488 kr.	0 kr.	44.604.488 kr.
Samtals:	2.511.900.000 kr.	1.429.362.552 kr.	2.511.900.000 kr.
<i>Mismunur</i>	<i>0 kr.</i>	<i>1.082.537.448 kr.</i>	<i>0 kr.</i>

3.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Niðurgreiðslur vegna heimarafstöðva og olíuhitunar hefur haldist nokkuð í takt við upphaflegar áætlanir en þó horfir til þess að heildarupphæð vegna þessa verði undir áætlun.

3.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Ekki hafa verið greiddir út stofnstyrkir til hitaveitna á árinu en það mun að öllum líkindum gerast á síðustu mánuðum ársins. Framkvæmdir hafa dregist af ýmsum orsökum. Má þar nefna tafir á eignarnámsleyfi til handa RARIK til að geta haldið áfram með aðveitu frá Hoffelli niður til Hafnar en þegar þetta er ritað er ekki enn komin niðurstaða í það mál. Hitaveituframkvæmdir í Húnaþingi vestra hafa dregist af ýmsum ástæðum en hjá Skagafjarðarveitum standa framkvæmdir yfir við lagningu hitaveitu um Óslandshlíð og Hjaltadal.

Tafla 12: Áætlaðar greiðslur stofnstyrkja til hitaveitna árið 2020

Hitaveita / Svæði	Greitt 1.9.2020 [m.kr.]	Áætlaðar greiðslur 2020 [m.kr.]
Hitaveita Húnaþings vestra - Víðidalur		28,9
Skagafjarðarveitur		84,2
- Lýtingsstaðahreppur		20,6
- Óslandshlíð og Hjaltadalur		63,6
Höfn í Hornafirði - Fjarvarmi		220,9
Kjósarveitur		9,7
Hitaveita Egilsstaða og Fella		8,9
Samtals	0,0	352,6

Eins og síðustu tvö ár þá eru 308 m.kr. af fjárlagaliðnum sérstaklega ætlaðar til stofnstyrkja til hitaveitna. Hins vegar hefur verið afgangur af þessari sérstöku fjárveitingu hin tvö árin og koma þau til ráðstöfunar á þessu ári. Því er heildarupphæð ársins 2020 áætluð vera 352,6 m.kr.

3.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, tók ákvörðun um að veita ekki fjármunum til jarðhitaleitar á köldum svæðum á árinu 2020.

3.2.5 Orkusparnaðaráttak

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðaráttaks. Fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanförunum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem varið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða með góðum árangri. Hefur það leitt til betri lífsskjara, bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum.

Samþykkt var að veita 50 m.kr. króna til þessa málaflokks en það er 75% meira en árið á undan. Hefur aldrei verið varið eins miklu af fjármunum af fjárlagaliðnum til þessa málaflokks.

3.2.6 Endurskoðuð áætlun ársins 2020

Sú áætlun sem fram kemur í töflu 11 stendur að mestu óbreytt út árið en þær breytingar sem kunna að verða yrðu þá í tengslum við það orkumagn sem verður á endanum notað til húshitunar á árinu og hvernig framkvæmdum og inntöku hitaveitna miðar áfram.

3.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Á fjárlögum 2020 voru 1.018,2 m.kr. til ráðstöfunar vegna dreifingar orku í dreifbýli. Á fyrstu sex mánuðum ársins hafði RARIK dreift 12 GWst (4,9%) minna af raforku í dreifbýli en áætlun þeirra gerði ráð fyrir í upphafi árs. RARIK taldi þó ekki ástæðu til að breyta fyrri áætlun fyrir seinni helming ársins. OV hafði aftur á móti dreift 0,7 GWst (3,3%) meira en áætlun gerði ráð fyrir en vægi OV í heildinni er það lítið að það hefur nánast engin áhrif á breytingar á dreifbýlisframlaginu. Í ljósi þessa hvað RARIK hafði dreift miklu minna af raforku í dreifbýli á fyrri helmingi ársins þá var svigrúm til að hækka dreifbýlisframlagið frá og með 1. ágúst. Það leiðir af sér lækkun á niðurgreiðslum til húshitunar.

Þegar lítið er á þá reikninga sem hafa borist vegna fyrstu átta mánaða ársins þá er heildardreifing raforku í dreifbýli 12,9 GWst (3,8%) minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Í ljósi þess að hvorug dreifiveitan hefur viljað endurskoða upphaflegar áætlanir sínar um dreifingu raforku í dreifbýli þá telur Orkustofnun ekki ástæðu til þess að endurskoða áætlun sína vegna viðfangs 112 frá 1. ágúst sl.

Tafla 13: Ráðstöfunarfé viðfangs 112 fyrir árið 2020, staðan 1. september og áætlun lokastaða

Dreifiveita	Upphæð
<i>Fjárheimild skv. fjárlögum 2020</i>	<i>1.018.200.000 kr.</i>
Orkubú Vestfjarða ohf.	63.117.282 kr.
RARIK ohf.	604.659.370 kr.
Samtals greitt 1. september 2020	667.776.652 kr.
Mismunur	350.423.348 kr.
<i>Áætlun staða í árslok 2020</i>	<i>1.010.965.251 kr.</i>
<i>Áætlun niðurstaða ársins 2020</i>	<i>7.234.749 kr.</i>

Viðfang 112 er fjármagnað með sérstökum skatti (jöfnunargjald) sem er eingöngu ætlaður til þess að jafna kostnað við dreifingu raforku. Því er mikilvægt að tryggja, ef af verður, að afgangur í lok árs færast þá yfir á næsta ár.

3.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Síðastliðin þrjú ár hefur ráðuneytið annast uppgjör við RARIK og OV vegna raforkuframléiðslu hjá notendum utan samveitna. Uppgjörið fer þannig fram að fjármunir á fjárlögum hvers árs eiga að duga fyrir kostnaði dreifiveitnanna á nýliðnu ári. Þegar þetta er ritað liggur fyrir uppgjör ársins 2019 frá RARIK og OV vegna Grímsey og Flatey og hljóðar það upp á 70 m.kr. auk reksturs á Grímsstöðum á Fjöllum vegna hluta ársins 2020 þar sem þegar eru komnar tæpar fjórar m.kr. til innheimtu. Því er ljóst að þær 55 m.kr. sem eru til ráðstöfunar á þessu ári munu engan veginn duga.

4 Frumdrög að áætlun ársins 2021

4.1 Sundurliðun fjárlagaliðar 04-583 árið 2021 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi ársins 2021 er gert ráð fyrir 4.038,7 m.kr. til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Niðurstaða ársins 2020 og tilhögun millifærslna á milli ára ráða því síðan hver endanleg upphæð verður en áætlanir hér á eftir taka mið af fjárlagafrumvarpinu. Samkvæmt áætlunum fjárlögum ársins 2021 er ekki gert ráð fyrir sérstöku framlagi til stofnstyrkja eins og gert var í fjármálaáætlunum 2018 til 2020, þ.e. 308 m.kr. árlegu

framlagi þau þrjú ár. Verður það að teljast bagalegt þar sem stórar hitaveituframkvæmdir eru í gangi víða um land og þónokkrar fyrirhugaðar.

Tafla 14: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2021 samkvæmt fjárlagafrumvarpi

Viðfang (m.kr.)	Frumvarp að fjárlögum 2021
111 - Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	2.262,4
112 - Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku	1.720,8
113 - Notendur utan samveitna	55,5
Samtals	4.038,7

4.2 Viðfang 111 – Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis

4.2.1 Almennar niðurgreiðslur

Forsendur Orkustofnun fyrir niðurgreiðslum ársins 2021 byggir á þróun niðurgreiðslna ársins 2020, lagningu hitaveitna á rafhituðum svæðum, áætluðum hækkunum dreifiveitna sem og veðurfari ársins 2020 sem er sá liður sem mestu ræður um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Töluverð óvissa einkennir áætlunina þar sem erfitt er að meta áhrif COVID-19 á atvinnustarfsemi næsta árs, sérstaklega ferðaþjónustuna í dreifbýli sem notar töluverða raforku í starfsemi sinni. Tafla 15 sýnir frumdrög Orkustofnunar að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2021.

Tafla 15: Frumdrög að skiptingu viðfangs 111 af fjárlagalið 04-583 fyrir árið 2021

Fjárlagaliður 04-583 / Viðfang 111	Upphæð [m.kr.]
Áætluð upphafsstaða 2021	2.262,4
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.900,7
Olíuhitun, niðurgreiðslur	6,5
Heimarafstöðvar, niðurgreiðslur	3,7
Orkusparnaður, 2,07% af fjárheimild	46,8
Orkustofnun, umsjón	23,2
Stofnstyrkir til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga	281,5
Samtals	2.262,4

Við áætlun á beinum niðurgreiðslum var gert ráð fyrir að notkun næsta árs vegna húshitunar komi til með að aukast í heildina um 1,6%. Horft var til þess að dreifi- og fjarvarmaveitur muni hækka nógildandi gjaldskrár sínar um 2,5% eins og síðasta ár og í samræmi við lífskjarasamninginn. Þá var tekið tillit þess aukna fjármagns sem gert er ráð fyrir að verði veitt til viðfangs 112 skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021, sem hefur bein áhrif á niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar í dreifbýli.

Áætlunin gerir ráð fyrir að niðurgreiða áfram fjarvarmaveituna á Höfn fyrstu þrjú mánuði ársins en þó er vænst þess að notendur hennar verði orðnir tengdir nýju hitaveitunni fyrr. Má gera ráð fyrir að upphæð niðurgreiðslna geti lækkað um allt að 50 m.kr. á árinu, allt eftir því hvenær hitaveitan verður tengd. Þá má jafnframt gera ráð fyrir að niðurgreiðslurnar minnki að einhverju leyti einnig vegna notenda sem tengjast hitaveitunni og hafa notast við beina rafhitun en sú breyta er óþekkt eins og er. Það fjármagn sem sparast í beinum niðurgreiðslum ætti að öllu óbreyttu að nýtast til stofnstyrkja til hitaveitna eða eingreiðslna til einstaklinga. Nánar er fjallað um aðra liði töflunnar hér að ofan í næstu undirköflum.

4.2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna heimarafstöðva

Reikna má með að niðurgreiðslur vegna olíuhitunar lækki nokkuð á árinu 2021 m.v. notkun undanfarinna ára. Hins vegar verða niðurgreiðslur til heimarafstöðva að öllum líkindum óbreyttar.

4.2.3 Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til stofnstyrkja í fjárlagafrumvarpi ársins né fjármálaáætlun til ársins 2023. Áætluð þörf á upphæð stofnstyrkja á árinu 2021 er rúmlega 375 m.kr. en ef allt gengur eftir á árinu 2020 varðandi hitaveituframkvæmdir þá getur upphæð umsókna um stofnstyrki á árinu 2021 orðið allt að hálfur milljarður. Þar vegur hitaveita á Höfn þyngst og má ætla að framkvæmdum þar verði að mestu lokið á árinu 2021. Tafla 16 sýnir þær framkvæmdir sem hafa verið í gangi og þær sem reiknað er með að eigi sér stað á árinu 2021.

Tafla 16: Áætlaðar greiðslur og þörf á stofnstyrkjum til hitaveitna fram til ársins 2025

Hitaveita / Svæði	Áætlaðar greiðslur 2020 [m.kr.]	Áætluð þörf 2021 [m.kr.]	Áætluð þörf 2022-2025 [m.kr.]	Áætlaðar greiðslur og þörf alls [m.kr.]
Hitaveita Húnaþings vestra	28,9		87,0	115,9
- Hrutafjörður sunnan Reykja ¹			87,0	87,0
- Víðidalur	28,9			28,9
Skagafjarðarveitur	84,2	16,6		100,8
- Lýtingsstaðahreppur	20,6			20,6
- Óslandshlíð og Hjaltadalur	63,6	16,6		80,2
Hvalfjarðarsveit ²			194,9	194,9
Hólmavík ³			267,8	267,8
Tálknafjörður ³			215,1	215,1
Höfn í Hornafirði	220,9	358,8	270,0	849,7
- Fjarvarmi	220,9	145,9		366,8
- Bein rafhitun í þéttbýli		112,0	270,0	382,0
- Bein rafhitun í dreifbýli		100,9		100,9
Kaldrananeshreppur ⁴			15,7	15,7
Kjósarveitur	9,7			9,7
Norðurorka ⁵			344,5	344,5
- Hörgárbyggð			116,4	116,4
- innan Laugalandis að austan			210,6	210,6
- inn við Torfur			17,4	17,4
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8,9			8,9
Samtals	352,6	375,4	1.395,0	2.123,0

Skýringar með Tafla 16

¹ Enn verið að leita eftir meira vatni til þess að geta farið í framkvæmdir.

² Hugmynd um að nýta glatvarma frá álverinu á Grundartanga til að koma á fót hitaveitu.

³ Frestað eftir sveitarstjórnarkosningum 2018.

⁴ Búið að liggja lengi fyrir en orðnar litlar líkur á því að þetta fari í framkvæmd.

⁵ Hitaveituframkvæmdir sem munu koma til framkvæmda en á eftir að sækja um stofnstyrk fyrir.

Þessu til viðbótar hafa komið upp hugmyndir um lagningu hitaveitu t.a.m. í Melasveit í Hvalfjarðarsveit óháð hugmyndum um nýtingu glatvarma frá Grundartanga. Einnig er gert ráð fyrir að fjarvarmaveitan á Suðureyri verði fullgild hitaveita innan tíðar sem kallar á eingreiðslu sem nemur 65% af notkun hvers notanda. Þá er ógetið hugmynd um lagningu hitaveitu í Árneshreppi. Vert er að taka fram að upphæðir styrkja vegna svæða í dreifbýli í töflu 16 koma, að öllu óbreyttu, til með að lækka á næsta ári en nánar er fjallað um ástæðu þess í kafla 4.3.

Það er vaxandi eftirspurn eftir eingreiðslum frá einstaklingum sem eru að setja upp varmadælur til lækkunar á orkukostnaði sínum til húshitunar. Það er mat Orkustofnunar að eingreiðslur til einstaklinga sé hvað best heppnaða aðgerð sem ráðist hefur verið í með breytingum á lögum um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Aðgerðin skilar sér fjárhagslega hvað best í lækkun niðurgreiðslna ríkisins ásamt því að lækka orkureikninga einstaklinga og auka framboð á raforku inn á dreifikerfið. Hefur fjármagn til þessara styrkveitinga verið af skornum skammti á undanförunum árum en á árinu 2020 fékkst aukið fjármagn til þessa málaflokks þannig að hægt var að gera upp við notendur sem höfðu beðið hvað lengst eftir afgreiðslu.

Hins vegar hefur gengið erfiðlega að koma þessu fjármagni út vegna ýmissa ástæðna. Sumir hverjir höfðu dregið umsókn sína til baka þar sem þeir höfðu hætt við að fara í fyrirhugaðar framkvæmdir. Hluti þeirra sem höfðu farið í framkvæmdir voru ekki að ná nægjanlegum sparnaði eða voru að nota það mikla raforku að ekki þótti fýsilegt fyrir þá að taka eingreiðslu. Vegna þessa eru nokkrar umsóknir á bið á meðan farið er yfir með söluaðilum hvað veldur litlum sparnaði. Þá hefur svörun margra umsækjanda verið hæg og erfiðlega gengið að ganga frá málum. Síðan má geta þess að nokkur breyting hefur orðið á neysluhegðun þar sem margir hafa fjárfest í heitum pottum og rafmagnsbílum en vegna þess hve algengt er að einn raforkumælir er fyrir alla raforkunotkun á heimilum þá hefur það áhrif á húshitunarþáttinn. Þeir sem hafa einn raforkumæli fyrir alla notkun sína eru með hann hlutfallsskiptan – 85% húshitun og 15% almenn notkun.

Orkustofnun áætlar að það þurfi 50 m.kr. til þess að afgreiða umsóknir um eingreiðslu á árinu 2021.

4.2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

ANR samþykkti á árinu 2020 tillögu Orkustofnunar um úttekt á stöðu jarðhitaleitar og lagningu hitaveitna með það í huga að skilgreina betur rafhituð svæði til frambúðar og hvaða möguleikar væru til lækkunar húshitunarkostnaðar á þeim svæðum. Orkustofnun metur það svo að fyrr en síðar verður ekki lengra gengið í lagningu hitaveitna sem teljast geta fjárhagslega hagkvæmar fyrir notendur. Því sé nauðsynlegt að ráðast í úttekt á framtíðarmöguleikum þar sem eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar:

- Núverandi staða lagningar hitaveitna.
- Hvaða möguleikar eru á frekari hitaveituframkvæmdum.
- Hvaða úrræða eru í boði fyrir þá sem ekki hafa möguleika á tengingu við hitaveitur.
- Hvort möguleiki sé að nýta hitaveituvatn frekar þar sem hitaveita endar.
- Hvort sveitarfélög eigi og geti tekið þátt í jöfnun orkuverðs í sínu sveitarfélagi
- Hvort varmadælur, heimarafstöðvar og nýjar tæknilegar útfærslur séu lausn til frambúðar.

4.2.5 Orkusparnaðaráttak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagalið 04-583 til orkusparandi aðgerða. Orkustofnun hefur verið í samstarfi við Bygðastofnun um orkusparandi aðgerðir í svokölluðum brothættum byggðum sem gefið hefur góða raun og á árinu 2020 komu umsóknir frá 35 aðilum um styrk á mótí 50 m.kr. fjárfestingaráformum. Gert er ráð fyrir að áframhald verði á þessum verkefnum á árinu 2021 en Orkustofnun leggur til að aðeins 2,07% af fjárheimild ársins til viðfangs 111 verði varið í málaflokkinn.

4.3 Viðfang 112 – Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2021 er gert ráð fyrir að hækka jöfnunargjald um 13% frá næstu áramótum en það hefur verið óbreytt allt frá árinu 2015. Jöfnunargjald á forgangsortku yrði þá 0,34 kr./kWst og 0,11 kr./kWst á skerðanlega orku. Hækkunin mun hafa óveruleg áhrif á

raforkureikning notenda en vegna samspils dreifbýlisframlagsins og niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar í dreifbýli munu þær lækka um rúmar 20 m.kr. á ársgrundvelli. Þá er einnig gert ráð fyrir sérstöku 600 m.kr. framlagi á fjárlögum til jöfnunar dreifingar raforku. Gert er ráð fyrir að dreifbýlisframlagið hækki í samræmi við það frá 1.apríl 2021. Við innheimtu jöfnunargjalds í desember 2021 verður tekið mið af þessari 13% hækkun jöfnunargjaldsins og er því gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu að 1.720,8 m.kr. verði til ráðstöfunar fyrir viðfang 112 á árinu 2021. Þá stefnir í að það verði afgangur af viðfanginu á árinu 2020 sem á, að öllu óbreyttu, að koma til ráðstöfunar á árinu 2021.

Áætlað er að þessi mikla aukning á fjármagni til viðfangsins leiði til þess að hlutfall jöfnunar fari úr 51,8% upp í 80-85% á árinu 2021. Stefnt er að því að árið 2025 verði hlutfallið komið í 95%.

Hækkun á dreifbýlisframlagi leiðir ekki einungis af sér lækkun á raforkukostnaði notenda í dreifbýli heldur einnig lækkun á stofnstyrkjum til hitaveitna og eingreiðslum til einstaklinga í dreifbýli. Miklar hækkunar á dreifbýlisframlagi geta því haft þau áhrif að ýmsar hugmyndir um hitaveitur á rafhituðum svæðum teljist ekki lengur fýsilegar og verði ekki að veruleika.

4.4 Viðfang 113 – Notendur utan samveitna

Nýr samningar ríkisins við dreifiveiturnar RARIK og OV um raforkuframléiðslu utan samveitna er í mótun vegna framléiðslu í Grímsey, á Grímstöðum á Fjöllum og í Flatey á Breiðafirði.

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi ársins 2021 er gert ráð fyrir 55,5 m.kr. til notenda utan samveitna.

Í minnisblaði RARIK, í október 2020, vegna raforkuframléiðslu í Grímsey, kemur fram að áætlað framlag frá ríkinu vegna reksturs díselstöðvar í Grímsey þurfi að vera 75-80 m.kr. vegna ársins 2020 og að fjárþörfin verði svipuð næstu árin. Því er ljóst að endurskoða þarf fjármögnun þessa viðfangs í heild.

5 Niðurlag

Áætlun ársins 2021 er gróflega áætluð út frá þeim gögnum sem eru fyrir hendi og ber að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem margar utanaðkomandi og óviðráðanlegar breytur geta haft áhrif á þróun mála. Ef ekki fæst aukið fjármagn til stofnstyrkja fyrir árin 2021-2025 mun það hafa veruleg áhrif á hitaveitur og notendur þeirra sem staðið hafa í framkvæmdum. Þá hefur hækkað dreifbýlisframlag tvenns konar áhrif. Það leiðir til lægri stofnstyrkja til hitaveitna og eingreiðslna til einstaklinga á dreifbýlissvæðum sem getur orsakað að hitaveituf framkvæmdir á þeim svæðum dragist verulega saman þar sem hagkvæmni þeirra minnkar mjög eða verður engin. Þá leiðir það einnig til lækkunar á upphæð niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar og raforkukostnaði notenda í dreifbýli. Orkustofnun áskilur sér því rétt til að endurskoða áætlun ársins 2021 þegar fjárlög ársins hafa verið samþykkt, allar rauntölur ársins 2020 liggja fyrir og komin er skýrari mynd af öðrum áhrifaþáttum.

